

Stjórnarfundur haldinn á Búgarði þriðjudaginn 4. september 2012 klukkan 20:00.

Mættir eru: Óskar, Svanbjört, Kristlaug, Þorgerður, Guðrún, Edda Kamilla, Einar.

Boðuð forföll: Kristín

Óskar setti fund númer 713.

1. Styrkumsóknir

Engin styrkumsókn hefur borist.

2. Innsend bréf

- Bréf frá Landssambandi Hestamannafélaga um 58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga sem haldið verður í Reykjavík dagana 19. og 20. október nk. Búið er að senda þingboð á aðildarfélögin og kjörbréf.
- Sambandsráðsfundur sem haldinn verður á Hótel Klaustri laugardaginn 13. október nk.
- Formannafundur ÍSÍ verður haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 23. nóvember nk.
- Bréf frá UMFÍ þar sem að sagt er frá því hvar Landsmót 50+ verði haldið, tvö bréf, bæði árið 2013 og 2014.
- Bréf frá FRÍ þar sem að boðað á fund vegna málefna sem varða rafmagnstímatöku á frjálsíþróttamótum. Fundurinn verður haldinn 22. sept nk. Setja á þetta fundarboð í hendurnar á frjálsíþróttanefnd og bjóða á Ásgeiri og Davíð á þennan fund.

3. FRÍ skattur

Talað var um á þinginu hjá FRÍ að leggja á skatt á iðkendur, 1000.- krónur á hvern iðkenda. Sent var blað yfir fjölda iðkenda í frjálsíþróttum árið 2010 þar sem að skipt var í tvo hópa, yngri en 10 ára og eldri en 11 ára.

Grennslast á fyrir hvaðan þessar tölur koma.

Þessum lið frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

- Búið er að undirrita samninginn á milli UMSE og UFA um frjálsíþróttamálin.
- Óskar lagði fram bréf sem að senda á til sveitarfélaganna í kring vegna samnings um rekstrarstyrk.
- Óskar lagði fram drög að bréfi vegna stefnumótunar UMSE.
- Edda Kamilla var búin að athuga með námskeiðið Verndum þau. Það kostar félagið ekki neitt að halda svona námskeið. Eina sem að það þarf að er að ákveða hvar og hvenær. Athuga á hvort að hægt sé að hafa tvö námskeið í október eða eitt námskeið í október og eitt í nóvember (24. og 25. október).
Edda Kamilla ætlar að athuga hvort að það þurfi að skrá á námskeiðið.
- Haldið var fótboltamót á Árskógsströnd um daginn - góð mæting var. Þrjú aðildarfélög mættu með lið, eitt eða fleiri, auk gestaliðs frá Varmahlíð.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 2. október klukkan 20:00

Guðrún kemur með veitingar.

Fundi slitið 22:06

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður